

# Jafnréttisáætlun Árskógarskóla



**Árskógarskóli leik- og grunnskóli**  
**Jafnréttis- og aðgerðaáætlun**  
**júní 2014**



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Ábyrgð.....	4
Jafnréttisfulltrúar .....	4
Starfsfólk .....	4
Auglýst störf, ráðningar og laun.....	4
Samræming starfs og fjölskyldulífs.....	5
Kynbundið áreiti og einelti.....	5
Nemendur .....	5
Skólaþing.....	6
Jafnrétti í námi og leik.....	7
Heimili og skóli .....	8
Aðgerðaáætlun .....	8

## Inngangur

Jafnréttisáætlunin er unnin í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Jafnréttisáætlunin fjallar um nemendur, starfsfólk og foreldra.

*Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra. Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks (Aðalnámskrár leik,- grunn og framhaldsskóla, 2011).*

Í Árskógar skóla vinnum við meðal annars að jafnrétti með:

- Sömu tækifærum allra barna til leikefnis
- Því að kalla eftir ólíkum sjónarmiðum
- Aldursblöndun og samkenntu
- Fjölbreyttu námsumhverfi innan sem utan skóla
- Einstaklingsmiðuðu námi og námsefni við hæfi hvers og eins
- Skóla án aðgreiningar
- Fræðslu um ólíka trúar- og menningarheima
- Kynjaumræðu og ígrundun um orðræðuna sem við notum í samskiptum
- Fræðslu og ígrundun starfsfólks um jafnrétti
- Jöfnum rétti allra starfsmanna til að nýta hæfileika sína og færni í starfi
- Því að leggja áherslu á að allir hafi sama rétt og sömu skyldur til að skólastarf í heild sinni gangi eins vel og mögulegt er
- Því að veita öllum í skólasamfélaginu tækifæri til að hafa áhrif á stefnu og sýn skólans og setja fram sín sjónarmið

Í Árskógar skóla er unnið með *jafnrétti* á ýmsan hátt eins og kemur m.a. fram að ofan. Í skólastarfinu er fjallað um ýmsar hliðar jafnréttis svo sem kynjajafnrétti, félagslegt jafnrétti jafnrétti milli fatlaðra og ófatlaðra, milli fólks af ólíkum uppruna, með ólík tungumál, út frá kynhneigð, jafnrétti milli ólíkrar fjölskyldugerðar, jafnrétti í leik og námi, jafnrétti meðal starfsfólks, jafnrétti sem mannréttindi enda er einn af grunnþáttum menntunar *lýðræði og mannréttindi*. Í skólastarfinu er jafnrétti beintengt lýðræðinu og mannréttindum enda er það réttur okkar allra að fá að vera eins og við erum, njóta kosta okkar og galla, velja okkur leið og hafa áhrif og njóta okkar eins og við erum.

Starfsfólk, nemendur og foreldrar eiga að hafa jafna möguleika til þátttöku í starfi skólans í anda jafnréttis.

## Ábyrgð

Skólastjóri ber ábyrgð á að jafnréttisáætlun sé gerð í samræmi við lög og reglur og hún uppfærð eins og þarf í takt við aðstæður hverju sinni. Skólastjóri og deildarstjóri bera ábyrgð á að unnið sé samkvæmt aðalnámskrám leik- og grunnskóla í öllu starfi skólans. Jafnréttisfulltrúar skólans vinna með skólastjórnendum að útfærslum á vinnu með jafnrétti.

## Jafnréttisfulltrúar

Haustið 2014 verða kosnir tveir jafnréttisfulltrúar samkvæmt aðgerðaáætlun en hlutverk þeirra er að gæta þess í samráði við skólastjórnendur að jafnréttislögum sé fylgt en einnig að vinna að útfærslu hugmynda um vinnu með jafnréttishugtakið í skólastarfinu og fá fólk í lið með sér.

## Starfsfólk

Allt starfsfólk hefur sömu grunnskyldum að gegna gagnvart nemendum, foreldrum og hvert öðru og öll störf skólans geta unnist hvort heldur sem er af konu eða karli. Starfsfólk hefur gert með sér sáttmála um samskipti sín á milli og þess er gætt að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, fötlunar, kynþáttar og/eða annarra þátta og leitast er við að mæta þörfum allra. Allir starfsmenn eiga að fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og geta treyst því að þær séu virtar.

Úr 18. gr. jafnréttislaga

*Atvinnurekendur og stéttarfélag skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.*

Í mannréttindastefnu Dalvíkurbyggðar 2. kafli segir jafnframt að: *Óheimilt er að mismuna fólki vegna kyns og markvisst skal unnið gegn allri mismunum og hamlandi áhrifum staðlaðra ímynda kynjanna. Framlag hvers og eins skal metið að verðleikum án tillits til kyns viðkomandi. Eftir þessari stefnu er unnið í Árskógaraskóla.*

## Auglýst störf, ráðningar og laun

Í starfsmannastefnu Dalvíkurbyggðar segir: *Tryggja skal að jafnréttis og jafnræðis sé gætt við ráðningar í störf, tilfærslur á milli starfa og kjaraákvæðanir. Þeir sem taka ákvæðanir um ráðningu starfsfólks skulu gæta persónulegs hlutleysis í hvívetna og ekki skal láta skyldleika, vensl, vinskapa eða stjórnsmálaskoðanir ráða ákvörðun sinni, sbr. ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Skólinn vinnur samkvæmt starfsmannastefnu Dalvíkurbyggðar og stjórnarsýslulögum.*

Konur og karlar fá greidd sömu laun fyrir sömu störf og hafa sömu tækifæri til endurmenntunar m.a. að sækja námskeið og aðra fræðslu á vegum skólans *enda hafa konur og karlar jafnan rétt til starfa og til sömu launa fyrir sambærileg laun samkvæmt 19. gr. og 20. gr. laga nr. 10 frá 6. mars 2008.*

Úr 20. gr. jafnréttislaga

*Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum.*

Sem vinnustaður mun skólinn stuðla að jafnrétti í ráðningum starfsfólks og í samræmi við starfsmannastefnu Dalvíkurbyggðar eru allar *fastar stöður* auglýstar og leitast við að jafna kynjahlutföll. Störf eru ekki flokkuð í karla- eða kvennastörf.

Karlmenn eru í miklum minnihluta í Árskógarskóla og við ráðningar í stöður er alltaf stefnt að því markmiði að kynjahlutföll séu sem jöfnust og í því skyni gildir stefna sveitarfélagsins að *umsækjandi af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein skal að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningu*. Alltaf er þó fyrst og fremst ráðið í stöður út frá hæfni.

### Samræming starfs og fjölskyldulífs

*Samkvæmt 21.gr jafnréttislaga skulu atvinnurekendur gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.*

Markmið skólans og Dalvíkurbyggðar er að starfsfólk geti sinnt starfi sínu og fjölskyldulífi/einkalífi á þann hátt að jafnvægi ríki þar á milli. Með jafnvægi er átt við að starfsmaður geti í samráði við yfirmann sinn eða samstarfsfólk stillt vinnuframlagi sínu þannig upp að mögulegt sé að sinna starfsskyldum og jafnframt að sinna skyldu gagnvart fjölskyldu þegar þess þarf. Starfsfólk er hvatt til að konur jafnt sem karlar sinni sameiginlegum skyldum sem foreldrar ef tveir aðilar eru í sambúð t.d. foreldraviðtölum skóla.

### Kynbundið áreiti og einelti

*Samkvæmt 22.gr. jafnréttislaga skulu atvinnurekendur gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað.*

Barátta gegn kynbundnu ofbeldi er afar mikilvæg hvað varðar jafnrétti kynjanna enda er það allt of útbreitt og hefur mjög alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið. Ofbeldið er eitt af því sem kemur í veg fyrir að einstaklingar njóti sömu réttinda og eigi sömu möguleika á að nýta hæfileika sína og aðrir.

Kynbundið áreiti, einelti og annað ofbeldi er ekki liðið í Árskógarskóla. Starfsfólk hefur sem fyrr sagði gert með sér *starfsmannasáttmála*, en einnig hefur allur skólinn gert með sér *eineltissáttmála*, þar sem meðal annars kemur fram að starfsfólk hefur ákveðið að sýna hvert öðru virðingu og tillitssemi sem felur í sér m.a. þá merkingu að allir hafi jafnan rétt til að hafa skoðun og rétt til þess að hafa áhrif í anda jafnréttis. Með slíku samkomulagi eru starfsmenn að ákveða að ekkert ofbeldi er liðið í skólanum svo sem ljótt og særandi orðbragð í garð annarra eða látbragð sem gefur til kynna að viðkomandi líti á einhvern hátt niður til annars eða geri lítið úr, kynferðislegt áreiti, andlegri kúgun, misnotkun á valdi eða hvað annað sem er óboðlegt og bannað lögum samkvæmt.

Í sveitarfélaginu er eineltisteymi sem hægt er að leita til ef upp kemur kynferðisleg áreitni, einelti eða annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi og þar til gerð viðbragðsáætlun fyrir þolendur eða gerendur eða hvern þann sem hefur grun um slíkt athæfi.

### Nemendur

Skólinn leggur ríka áherslu á jákvæð samskipti skólans við nemendur og foreldra og við aðra sem að honum koma á einn eða annan hátt á jafnréttisgrundvelli. Starfsfólk kemur fram við nemendur og hvert annað af virðingu, umhyggju og nærgætni. Kennarar vinna samkvæmt

aðalnámskrám leik- og grunnskóla 2011 þar sem lögð er áhersla á að *allt nám búi bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, bæði í einkalífi, fjölskyldulífi og atvinnulífi*. Öll viðfangsefni skólans eiga að vera á þann veg að hvorki halli á stúlkur né drengi enda skal ríkja jafnræði og jafnrétti til öflunar þekkingar og leikni á fjölbreyttan hátt. Stúlkur og drengir eiga sama rétt og hafa sömu skyldur í Árskógarskóla. Áhersla er lögð á skólabrag og samvinnu nemenda sjálfra sem einkennist af samkennd, umhyggju og virðingu fyrir skoðunum annarra. Nemendur ásamt starfsfólki hafa gert með sér eineltissáttmála sem yfirlýsingu um að það sé óboðlegt með öllu.

### Skólaláing

Reglulega (að hausti og vori) eru haldin skólaláing í Árskógarskóla þar sem nemendur koma með tillögur að betri skóla. Markmiðið er að nemendur hafi áhrif á skólann á lýðræðislegan hátt og í anda jafnréttis á þær ákvarðanir sem eru teknar, enda mikilvægt og í anda aðalnámskrár að raddir nemenda og skoðanir séu virtar. Einn af grunnþáttum menntunar er *lýðræði og mannréttindi* og skólaláing er haldið í þeim anda. Lýðræði snýst ekki um að sigra heldur um að taka þátt og hafa áhrif, það snýst ekki um samkeppni heldur um samvinnu. Og ef það á að vera réttlátt þá þurfa allir að hafa jafna möguleika til þátttöku á jafnréttisgrundvelli þrátt fyrir að búa yfir misjöfnum burðum til þátttöku.

Jafnrétti í Árskógarskóla með augum nemenda á miðstigi, kynnt á skólaláingi um jafnrétti í október 2013:

- Allir nemendur fá að læra það sama
- Stelpur og strákar fá sömu tækifæri
- Sama virðing er borin fyrir nemendum og starfsfólki
- Við virðum skoðanir annarra
- Það er kosið í nemendaráð í Árskógarskóla
- Við hjálpumst öll að
- Við göngum jafn vel um eigur skólans eins og okkar eigin

Jafnrétti almennt séð með augum nemenda á miðstigi Árskógarskóla:

- Litur á fólki skiptir ekki máli í vinnu
- Samkynhneigðir eiga að hafa sama rétt
- Fatlaðir og ófatlaðir eiga að hafa sama rétt
- Konur og karlar eiga að hafa sama rétt
- Karlar og konur eiga að fá sömu laun fyrir sömu vinnu
- Konur alls staðar í heiminum eiga að fá að kjósa
- Stelpur og strákar eiga að fá sama rétt til að ganga í skóla í öllum heiminum

Nemendur unnu meðal annars þessa punkta sem innlegg í jafnréttisumræðuna og sýna svart á hvítu að rík þörf er á að vinna með hugmyndir nemenda og þeirra réttlætiskennd og vinna þannig sem fyrst bug á ójafnrétti enda eru hugmyndir þeirra og sýn einmitt sú sem aðalnámskrá stefnir að m.a. að:

*Menntun til jafnréttis fjallar um hvernig aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Við undirbúning framtíðarstarfsvettvangs er mikilvægt að opna*

augun fyrir kynskiptum vinnumarkaði og stuðla að því að námsval kynjanna verði minna kynbundið en hingað til. Það varðar miklu að ekki halli á kynin í þeim viðfangsefnum sem nemendur fást við heldur grundvallist þau á jafnræði og jafnrétti (Aðalnámskrá grunnskóla 2011).

### Jafnrétti í námi og leik

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólaskrifum skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis (Aðalnámskrá leik-, grunn og framhaldsskóla, 2011).

Samkvæmt 23.gr. jafnréttislaga skal kynjasambættingar gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi.

Í Árskógar skóla er lögð áhersla á að kennarar móti sínar kennsluáferðir og námsgögn sem á engan hátt mismuna nemendum á einn eða annan hátt. Skólinn mætir þörfum hvers barns óháð kyni og hefur það ávallt að leiðarljósi að bæði drengir og stúlkur fái sama viðmót og hvatningu í leik og námi.

Í Árskógar skóla er:

- Einstaklingsmiðað nám og skóli án aðgreiningar
- Unnið út frá stefnu Dalvíkurbyggðar um þjónustu nemenda með sérþarfir
- Upplýst umræða um ólíkar aðstæður fólks, menningu, trú, félagslegar stöðu ofl.
- Virk kynjaumræða m.a. um jafnrétti án tillits til kyns, litarháttar eða fötlunar ofl.
- Markvisst unnið með jafnrétti, lýðræði og mannréttindi þvert á skólastig á skólalæringum
- Öllum börnum veitt sömu tækifæri til leikefnis og stuðlað er að því að drengir og stúlkur leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum
- Unnið samkvæmt Uppbyggingarstefnunni um þarfir hvers og eins og jafnréttishugsjóninni að hver og einn fái tækifæri til að öðlast öryggi með því að hafa áhrif, finna til frelsis eins og hann er, finna til gleði á eigin forsendum og í samspili við aðra, að tilheyra hópi og vera viðurkenndur á eigin forsendum
- Kallað eftir ólíkum sjónarmiðum nemenda svo allir finni sinn rétt til að segja sína skoðun og upplifa að eigin sjónarmið séu virt
- Þess gætt að ýta ekki undir staðalímyndir t.d. með lestri bóka þar sem er að finna ójafnvægi milli kynja eða mismunun kynja að einhverju leyti
- Starfsfólk hvatt til þess að huga ávallt að kennslu- og námsgögnum þannig að kynjum sé ekki mismunað
- Þess gætt að nemendur fái tækifæri til að rækta bæði hug og hönd

Kennarar fara reglulega yfir lista um val á leikefni til að tryggja að fjölbreytt leikefni sé í boði fyrir hvert barn. Námsaðstæður og leikrými eru yfirfarin og skipulögð þannig að frjáls leikur með mismunandi leikefni getur farið fram óháð kyni sem og annað nám nemenda. Ígrundun um orðræðu er tekin reglulega til að forðast mismunun í samskiptum á kynbundinn hátt, félagslegan, háð uppruna eða hvað annað sem gæti leitt til mismununar.

## Heimili og skóli

Skólinn leggur sig fram um að eiga gott samstarf við heimilin enda er samstarf allra sem að nemanda koma lykilþáttur í þroska hans og námi. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann til samstarfs og þátttöku í skólastarfinu enda bera foreldrar ábyrgð á námi barna sinna í samvinnu við skólann.

Skólinn hvetur foreldra af báðum kynjum til að sækja foreldraviðtöl og taka þátt í leik og námi barna sinna og öllum foreldrum er ávallt boðið á viðburði á vegum skólans. Þess er ávallt gætt að bæði feður og mæður séu boðuð í viðtöl í skólanum og bæði feður og mæður hvött til að mæta. Foreldrum sem þess þurfa er býðst túlkþjónusta í viðtölum.

## Aðgerðaáætlun

Jafnréttisáætlun Árskógarskóla var unnin veturinn 2013-2014 en fyrsta starfsár skólans hófst vinna við hana er innleiðing grunnþátta menntunar og aðalnámskrár hófst. Jafnréttisvinnan hófst markvisst í janúar 2013 með innleiðingu grunnþáttarins jafnrétti. Starfsfólk fór í gegnum hugmyndir sínar um jafnrétti í skólastarfinu á þeim tímapunkti og hvað það vildi gera á næstu misserum. Aðgerðaráætlunin hér á eftir sýnir vinnu skólans sem komið er og þriðja starfsár skólans 2014-2015. Lengra erum við ekki komin í mótun nýs skóla hvað jafnrétti varðar en mikið hefur áunnist.

Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð
mars 2012	Ráða starfsfólk í nýjan skóla samkvæmt jafnréttislögum og stefnu Dalvíkurbyggðar	Auglýst eftir starfsfólki, konum og körlum í öll störf	Skólastjóri
maí 2012	Fá hæft fólk af báðum kynjum til starfa	Stöðluð viðtöl	Skólastjóri
ágúst 2012	Móta nýjan skóla með áherslu á skóla fyrir alla	Undirbúningsvinna	Starfsfólk
ágúst 2012	Fræðsla um grunnþáttinn jafnrétti	Námskeið frá Háskólanum á Ak.	Skólastjóri
nóvember 2012	Fræðsla um fordóma og staðalímyndir	Fyrirlestur og verkefnavinna frá Símey	Skólastjóri
janúar 2013	Innleiðing aðalnámskrár	Lestur grunnþátta og vinna með jafnrétti í skólastarfinu	Skólastjóri
apríl 2013	Þróun jákvæðs skólabrags og námsmats	Námskeið um námsmat á jafnréttisgrundvelli frá Háskólanum á Ak	Skólastjóri





DALVÍKURBYGGÐ

Árskógar skóli  
leik- og grunnskóli



apríl 2013	Stefnumótun með nemendum á jafnréttisgrundvelli	Skólaþing með áherslu á lýðræði og mannréttindi	Stjórnendur og kennarar
maí 2013	Gera starfsmannasáttmála	Starfsfólk vann saman að sáttmála	Skólastjóri
maí 2013	Ráða í laust starf kennara	Auglýst starf, ókynbundið	Skólastjóri
ágúst 2013	Innleiðing aðalnámskrár	Samlestur um jafnrétti til náms	Skólastjóri
október 2013	Stefnumótun, innleiðing aðalnámskrár og upphaf jafnréttisáætlunargerðar	Skólaþing um jafnrétti	Stjórnendur og kennarar
febrúar 2014	Jafnréttisfræðsla starfsfólks	Fyrirlestur Hönnu Bjargar Vilhjálmsdóttur	Fræðslusvið
apríl 2014	Stefnumótun nemenda og starfsfólks	Skólaþing	Stjórnendur og kennarar
ágúst 2014	Fræðast um lýðræði og mannréttindi sem hluta af jafnréttisfræðslu	Fyrirlestur Ólafs Páls Jónssonar	Fræðslusvið
ágúst 2014	Jafnrétti í leik og námi í öllu starfi skólans	Kennarar gera áætlanir með jafnréttisglærum	Stjórnendur
ágúst 2014	Fræðsla um jafnréttismiðaðar og fjölbreyttar kennsluáferðir	Námskeið leikur að læra frá Kristínu Einars	Skólastjóri
september 2014	Innleiðing jafnréttisáætlunar	Kjósa tvo jafnréttisfulltrúa	Skólastjóri
september 2014	Innleiðing jafnréttisáætlunar	Jafnréttisáætlun kynnt á gæðastund	Skólastjóri
október 2014	Kanna kynbundna líðan og viðhorf nemenda grsk. stigs	Skólapúlsinn	Skólastjóri
nóvember 2014	Kanna hvernig gangi að framfylgja áætlun	Umræður og ígrundun um jafnrétti á starfsmannafundi	Skólastjórnendur

desember	Kynning og ígrundun um jafnrétti í skólanum	Fundur um jafnréttismál, kennarar kynna hvað þeir hafa gert í jafnréttismálum	Skólastjórnendur
janúar 2015	Að öll börn skólans meti sig út frá jafnréttisáætlun	Sjálfsmat um möguleika og val í skólanum	Skólastjórnendur
febrúar 2015	Að starfsfólk meti sig út frá jafnréttisáætlun	Sjálfsmat	Skólastjórnendur
apríl 2015	Kanna kynbundna líðan og viðhorf nemenda grsk. stigs	Skólapúlsinn	Skólastjóri
maí 2015	Að bregðast við mögulegum kynjamun í foreldraviðtölum	Kennarar leik- og grunn fara yfir hverjir mættu í viðtöl	Skólastjórnendur
maí 2015	Endurskoðun og uppfærslur áætlunar	SVOT greining á áætlun	Skólastjóri